

Ed.

149. Nefndarálit

[73. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Lögin um kosningar til Alþingis voru sett árið 1942. Þau lög voru mjög vandlega undirbúin, samín að stofni til af undirbúningsnefnd, er starfaði 1933—34, og síðan endurskoðuð, þegar kjördæmaskipuninni var breytt 1942.

En þótt þau lög séu vönduð og vel undirbúin, eru að sjálfsögðu ýmis atriði í þeim, sem rétt er að endurskoða með tilliti til fenginnar reynslu um 15 ára skeið. Svo hefur Alþingi einnig virzt, því að 13. apríl 1954 samþykkti sameinað Alþingi að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar. Í þá nefnd voru kosnir 7 menn, en formennsku í nefndinni hefur frá upphafi haft á hendi einn af þingmönnum Framsóknarflokksins, Páll Þorsteinsson, þingmaður Austur-Skaftfellinga. En þótt nefndin hafi setið að störfum í nærri 4 ár, hefur ekkert frá henni heyrzt eða neinar tillögur frá henni borizt enn.

Nú hefur hæstvirt ríkisstjórn lagt fram stjórnarfrumvarp um nokkrar breytingar á kosningalögunum, frumvarp, sem er svo illa undirbúið og hefur að geyma svo fáránleg ákvæði, að furðu sætir. Virðist, að nær hefði verið fyrir ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess, að millipinganefndin skilaði álitum um kosningalögin í heild, heldur en að leggja fyrir Alþingi þá hrákasmíð og hrófatildur, sem þetta stjórnarfrumvarp er.

Við setningu stjórnarskrár og kosningalaga undanfarna áratugi hefur það jafnan verið stefna og tilgangur löggjafans að gera kjósendum auðveldara fyrir um að neyta atkvæðisréttar síns, bæði á þá lund að rýmka kosningarréttinn frá því, sem áður var, og fremur hvetja menn og örva til þess að neyta hans heldur en að gera það torveldara.

En þetta stjórnarfrumvarp miðar að því gagnstæða. Meginatriði þess stefna að því að gera kjósendum erfiðara að neyta atkvæðisréttar síns, auka stórlega á skriffinnskuna og banna og jafnvel gera það refsivert að örva og hvetja menn til þess að kjósa.

2. gr. þessa frumvarps ákveður, að slíta skuli kjörfundi eigi síðar en kl. 23 (kl. 22 upphaflega í frv.). Nú mun það að visu hafa tíðkapt sums staðar, að kjörfundi hefur verið haldið áfram lengur en til miðnættis, þegar kjósendur hafa gefið sig fram á þeim tíma. Virðist eðlilegast samkvæmt gildandi lögum, að kosningu sé lokið kl. 24 á miðnætti og kjörfundi þá slitið, enda er kjördagur þá á enda. Til þessa þarf enga lagabreytingu. Hitt virðist óeðlilegt og ástæðulaust, að lögskipa að slíta kjörfundi fyrir miðnætti eða áður en kjördagur er á enda. Verður ekki séð, að gengið sé á rétt nokkurs manns, þó að kjörfundur standi áfram til loka kjördags.

Frá því er leynilegar kosningar voru lögleiddar á Íslandi, hefur það verið heimilt og þótt sjálfsagt, að frambjóðendur mættu vera á kjörfundi eða hafa fulltrúa sína og umboðsmenn þar, bæði til þess að sjá um, að allt fari löglega fram og fylgjast með því, hvornig kosningu miðaði áfram og hver þátttaka væri. Ef kosningaþátttaka er léleg, hafa frambjóðendur og umboðsmenn þeirra oft og tíðum hvatt kjósendur, sem ekki voru búnir að kjósa, til þess að neyta atkvæðisréttar síns, og hefur fram til þessa víst fáum eða engum dottið í hug, að slíkt ætti að vera ólöglegt eða refsivert atferli.

Nú vill ríkisstjórnin gerbreyta hér til. Með 3. gr. á að banna með öllu að senda af kjörfundi upplýsingar um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns, og refsing lögð við, ef út af bregður. En ekki nóg með það, heldur er í 3. gr. mönnum bannað að skrifa hjá sér, hver greiðir atkvæði og hver ekki. Og loks er frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra gert óheimilt að hafa með sér á kjörfundi kjörskrá eða nokkra aðra skrá. Ef maður leyfði sér t. d. að hafa með sér símaskrá á kjörstað, þá má dæma hann til refsingar fyrir annað eins athæfi.

Í 6. gr. er það bannað og heimfært undir óleyfilegan kosningaróður eða kosningaspjöll að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, þ. e. á kjördaginn. Er þetta ákvæði svo viðtækt, að ef því ætti að framfylgja, þá ætti að nema af öllum bifreiðum einkennisbókstafi þeirra, meðan á kjörfundi stendur.

Þá er í 8. gr. lögð við því refsing, allt að 4000 kr. sekt, ef maður gefur öðrum upplýsingar um það, hverjir hafi kosið á kjördegi. Ef maður er á kjördegi eða síðar spurður um það, hvort þessi eða hinn kjósandi hafi neytt atkvæðisréttar síns, og maðurinn svarar játandi eða neitandi, þá er hægt að dæma hann til refsingar fyrir það.

Fleiri dæmi skulu ekki rakin hér um það, hversu fátalleg ýmis ákvæði þessa stjórnarfrumvarps eru. En með því er verið að teygja refsivönd laganna til orða og athafna, sem engum heilvita manni getur dottið í hug að eigi að vera ólöglegt eða hegningarvert.

Ef það á að vera tilgangur frumvarpsins að friða kjördaginn, þá mun frumvarpið ekki ná tilgangi sínum, heldur verka þveröfugt. Ef frambjóðendur eða kosningaskrifstofur mega alls ekki, að viðlagðri refsingu, fylgjast með því, hvornig kosningu miðar áfram og hverjir kjósa, er viðbúið, að kjósendur verði fyrir meira ónæði en verið hefur, ekki aðeins þeir, sem ekki hafa kosið, heldur einnig hinir, sem búnir eru að neyta kosningarréttar síns, án þess að frambjóðendum

eða kosningaskrifstofum sé um það kunnugt. Sýnir þetta m. a., hversu vanhugsað frumvarpið er. Það sýnist erfitt að finna nokkra heila brú í þessu frumvarpi.

Eitt stjórnarblaðanna hefur látið orð falla í þá átt, að frv. sé aðallega stefnt gegn sjálfstæðismönnum í Reykjavík til þess að torvela þeim kjörsókn. Er það vissulega fróðlegt að heyra, að andúð stjórnarflokkanna í garð íbúa höfuðstaðarins sé svo mögnuð, að gera þurfi sérstakar breytingar á kosningalögum til þess að torvela þeim að neyta atkvæðisréttar síns.

Þar sem þetta frumvarp miðar fyrst og fremst að því að gera mönnum erfiðara en áður að neyta atkvæðisréttar síns og er því ólýðræðislegt og ber keim af einræðistilhneigingum, að frumvarpið gerir orð og athafnir saknæmar og refsiverðar, sem heilbrigð skynsemi hefur talið og hlýtur að telja eðlilegar og löglegar, og að eðlilegt virðist, að millipinganefndin um endurskoðun kosningalaganna hraði störfum og heildarendurskoðun laganna fari fram sem fyrst, þá leggur minni hluti hluti nefndarinnar til, að frumvarpið sé fellt.

Alþingi, 11. des. 1957.

Jón Kjartansson.